

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Úthlutun í apríl 2014

1. Akureyrarstofa (María H. Tryggvadóttir) – Kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey

Kr. 3.200.000 styrkur vegna lokahönnunar, smíði, flutnings og uppsetningu á kennileiti fyrir Heimskautsbauginn í Grímsey sem byggir á vinningstillögu úr samkeppni um verkefnið. Markmið styrksins er að draga fram sérstöðu eyjarinnar og legu hennar við heimsbaug.

2. Bakhjarlarnir – Lýsulaugasvæðið: yfirsýn, samræming og heildar skipulag

Kr. 2.065.000 styrkur til skipulagsvinnu og landslagsahönnunar fyrir Lýsulaugasvæðið með áherslu á heildarmynd og framtíðarsýn fyrir svæðið. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúruminjar og skipuleggja svæðið með tilliti til öryggja ferðamanna og sjálfbærrar nýtingar svæðisins.

3. Blönduósþær – Fuglaskoðun á Einarsnesi í Blönduósþæ

Kr. 4.085.000 styrkur til uppbyggingar á fuglaskoðunarstað við Blöndu. Markmið styrkveitingar er að byggja upp innviði fyrir fuglaskoðun og náttúrutengda ferðapjónustu við Blönduós.

4. Borgarbyggð – Sögubærinn Borgarnes

Kr. 5.000.000 styrkur til uppsetningar á brú við Suðurneskletta og uppsetningu skilta við gönguleiðina Söguhringinn. Styrkurinn er liður í að byggja upp náttúru- og sögutengda ferðapjónustu í Borgarbyggð og efla Borgarnes sem heilsárs ferðamannastaðar.

5. Borgarbyggð – Hraunfossar, nýframkvæmd til varnar fallhættu og almennt viðhald

Kr. 2.950.000 styrkur til smíði útsýnispalls með handriðum auk viðgerða á stígum og tröppum. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúru, bæta aðgengi, vernda ásýnd og umhverfi staðarins og tryggja öryggi ferðamanna.

6. Dalvíkurbyggð – Friðland Svarfdæla - aðgengi, upplýsingar, öryggi

Kr. 500.000 styrkur til merkingar á gönguleiðum, brýr yfir skurði og stýring gönguleiða til að vernda viðkvæm svæði. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi um friðlandið og gera það aðgengilegt til útivistar án þess að gengið sé um of á viðkvæmustu svæðin

7. Djúpavogshreppur – Teigarhorn: í átt að aukinni sjálfbærni: deiliskipulag, uppbygging stíga og merkingar og endurbætur á húsakosti.

Kr. 11.590.000 styrkur til deiliskipulags, uppbyggingu stíga, merkinga og endurbætur á húsakosti. Markmið styrkveitingar er að styðja við þróun staðarins sem fólkvangs og stuðla að markvissri nýtingu staðarins til útivistar.

8. Eyjafjarðarsveit – Merking og stikun gönguleiða í Eyjafjarðarsveit

Kr. 1.000.000 styrkur til merkingar á gönguleið upp á fjallið Kerlingu og leiðina frá Kristsnesi að Súlumýrum auk vegpresta og upplýsingaskilta. Markmið styrksins er að auka öryggi verðamanna, koma í veg fyrir átroðning á viðkvæmum svæðum og auka möguleika til útvistar.

9. Fljótsdalshérað – Dyrfjöll - Stórurð: Gönguparadís til framtíðar.

Kr. 5.000.000 styrkur til deiliskipulags, stígagerðar, smíði skilta og vegvísa og merkingu gönguleiða. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og öryggi ferðamanna á sama tíma og unnið er úr frumlegri hönnun vinningshafa úr hugmyndasamkeppni.

10. Fljótsdalshreppur – Hengifoss: bætt aðgengi

Kr. 2.300.000 styrkur til deiliskipulags, stígagerðar og úrbóta ásamt því að leggja rafmagn í salernishús til að tryggja lengri opnun þess. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi ferðamanna ásamt því að bæta aðgengi og innviði. Styrkveitingin er liður í því að byggja upp náttúrutengda ferðapjónustu svæðisins.

11. Flóahreppur – Urriðafoss

Kr. 1.500.000 styrkur til stækkunar bílaplans og lagningar göngustíga. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og tryggja öryggi ferðamanna.

12. Fuglavernd – Friðland í Flóa, fyrir fólk og fugla: endurbætur og uppbygging

Kr. 950.000 styrkur til framkvæmda við bílastæði, gerð göngubrúa og uppsetningar á skiltum. Markmið styrkveitingar er að styðja við endurheimt votlendis, uppbyggingu fuglaskoðunarferðamennsku á svæðinu og auka framboð fjölbreyttra möguleika fyrir ferðamenn.

13. Hafnarfjarðarbær – Seltún: áframhaldandi uppbygging

Kr. 1.600.000 styrkur til stígagerðar, tröppusmíða og uppsetningu skilta. Markmið styrkveitingar er að verja viðkvæma náttúru fyrir ágangi og bæta aðgengi og öryggi ferðamanna.

14. Hjörtur Hinriksson - Helgafell á Snæfellsnesi: aðkoma, bílastæði, göngustígar og betrumbætur

Kr. 6.424.765 styrkur til endurbóta á bílastæðum, breytinga og endurgerð göngustíga ásamt uppsetning á salernisaðstöðu og skiltum. Markmið styrkveitingar er að stuðla að öryggi og ánægjulegrar upplifunar ferðafólks sem leggur leið sína á Helgafell auk þess að fyrirbyggja að ágangur ferðamanna valdi tjóni sem erfitt er að bæta.

15. Hrunamannahreppur og landeigendur Jaðri I – Gullfoss aðgengi á Austurbakka

Kr. 1.400.000 styrkur til úrbóta á göngustígum, gerð merkinga og uppsetningu skilta. Markmið styrkveitingar er að tryggja aðgengi ferðamanna en vernda jafnframt fyrir ágangi með upplýsingagjöf og stýringu á umferð.

16. Hveragerðisbær – Reykjadalur: aðkoma og bílaplan

Kr. 2.000.000 styrkur til deiliskipulags fyrir aðkomu og bílaplan fyrir gönguleiðina inn í Reykjadal. Markmið styrkveitingar er að styrkja svæðið til móttöku á þeim fjölmörgu ferðamönnum sem sækja vilja þennan sérstæða stað heim ásamt því að vernda viðkvæma náttúru fyrir ágangi.

17. Jarðvangurinn Katla Geopark – Katla jarðvangur: uppbygging áningastaða

Kr. 4.580.000 styrkur til hönnunar og framkvæmda við Fagrafoss, Hólmsárfoss, Þykkvabæjarklaustur, Loftsalahelli og Dyrhólaós, Höfðabrekkuheiði, Steinahelli, Pöstina og Nauthúsagil. Markmið styrkveitingar er bæta aðgengi og aðstöðu við 9 nýja staði í Kötlu jarðvangi með því markmiði að fjlóga áningarstöðum ferðamanna og dreifa álagi.

18. Kerlingarfjallavinir – Slysavarnir á háhitasvæðum í Kerlingarfjöllum

Kr. 1.560.500 styrkur til uppsetninga öryggisgirðinga, smíði á tröppum og uppsetningu aðvörunarskila við hverina í Neðri Hveradölum og í Hverabotni. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi ferðamanna og styðja við uppbyggingu ferðapjónustu á þessu svæði.

19. Lionsklúbbur Laugardals – Göngustígar í Laugardal

Kr. 700.000 styrkur til uppsetningar á upplýsingaskiltum og kaupum á bekkjum og borðum. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

20. Minjastofnun Íslands – Stöng í Þjórsárdal: verndun og uppbygging

Kr. 10.000.000 styrkur til gerðar göngustíga og áningarstaða við bæinn Stöng í Þjórsárdal. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og vinna gegn sliti af völdum ferðamanna á þessum mikilvæga menningar- og ferðamannastaði.

21. Rangárþing eystra – Hönnun og framkvæmdir við tröppur og stíg norðan megin við Seljalandsfoss

Kr. 8.500.000 styrkur til hönnunar og smíði á járntröppum og palli norðan megin við Seljalandsfoss ásamt enduruppbyggingu og viðgerð á stígnum milli Seljalandsfoss og Hamragarða/Gljúfrabúa. Markmið styrkveitingar er að styrkja svæðið, auka fjölbreytni þess og verja áfangastaði sem vinsælir eru undan frekari ágang ferðamanna.

22. Rangárþing eystra – Útsýnispallur og öryggishandrið við miðju Skógfoss

Kr. 2.200.000 styrkur til hönnunar og framkvæmdar á útsýnispalli á útsýnissvæði fyrir miðri brekku við Skógfoss. Markmið styrkveitingar er að sporna við átroðningi, vernda gróður og auka öryggi þeirra ferðamanna sem koma til að skoða fossinn.

23. Rangárþing ytra – Deiliskipulag fyrir Landmannalaugar

Kr. 10.000.000 styrkur til að halda samkeppni um hönnun og skipulag fyrir Landmannalaugar. Markmið styrkveitingar er að vernda viðkvæm svæði og bæta öryggi ferðamanna með skilgreindu skipulagi og stígakerfi.

24. Rannsóknastöð skógræktar ríkisins – Gerð göngustíga í Esjuhlíðum ofan Mógilsár

Kr. 1.095.000 til framkvæmda við göngustíga í Esjuhlíðum. Markmiðið er að bæta upplifun og öryggi ferðamanna á gönguleiðinni upp á topp Esjunnar, bæta merkingar og auka gæði og fjölbreytni í leiðavali í Esjuhlíðum.

25. Reykjanes jarðvangur ses – Reykjanes: Þar sem Atlantshafshryggurinn rís úr sæ

Kr. 5.000.000 styrkur til stikunar gönguleiða, gerð bílastæða og endurnýjunar upplýsingaskilta. Markmið styrkveitingar er að bæta ímynd Reykjaness sem áfangastaðar og upplifun gesta svæðisins.

26. Reykjavíkurborg – Fræðslu - og dvalarsvæði í Viðey

Kr. 5.000.000 styrkur til uppbyggingar á fræðslu- og dvalarsvæði utandyra. Markmið styrkveitingar er að styðja við áframhaldandi þróun eyjunnar og mikilvæga hlutverk hennar í menningarlegu uppeldi leik- og grunnskólabarna sem koma í skipulagðar heimsóknir á vorin og haustin.

27. Reynisfjara ehf. – Veitinga- og þjónustuhús í Reynisfjöru.

Kr. 4.000.000 styrkur til uppbyggingar salernisaðstöðu sem opin verður ferðamönnum allan sólarhringinn. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu á svæðinu auka öryggi ferðamanna, bæta ásýnd og stuðla að bættu umgengni ferðamanna.

28. Skaftárhreppur – Áningarstaður í Eldhrauni

Kr. 10.000.000 styrkur til gerð áningarstaðara með öruggari innkeyrslu, salernisaðstöðu, göngupöllum, útsýnispöllum, áningarborðum og fræðsluskiltum. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu við viðkvæmt svæði og vernda það þannig fyrir ágangi ferðamanna.

29. Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Gjain í Þjórsárdal umhverfi og aðgengi

Kr. 2.250.000 styrkur til gerðar á vönduðum göngustígum niður í Gjána í Þjórsárdal og um hana, m.a. með tröppum og brúm yfir læki. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi, upplifun og fræðslu ferðamanna ásamt því að verja viðkvæma náttúru í Gjánni.

30. Þjónustuhús í þjóðskóginum á Laugarvatni

Kr. 4.900.000 styrkur til byggingar þjónustuhúss í þjóðskógunum á Laugarvatni. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og heimafólk, og að auki að dreifa álagi frá fjölsóttstu ferðamannastöðunum.

31. Skógrækt ríkisins – Gönguleiðir og útsýnisstaður við Systrafoss

Kr. 700.000 styrkur til gerðar útsýnisstaðra við Systrafoss, bæta öryggi á gönguleið og endurnýja þrep. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna.

32. Súðavíkurhreppur (Ómar Mar Jónsson) – Hvítanes í Skötufirði

Kr. 2.444.860 styrkur til skipulags og hönnunar á áningarástað á Hvítanesi. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi ferðamanna og aðgengi þeirra að selaskoðun. Einnig að ýta undir sérstöðu svæðisins og myndun nýs seguls fyrir svæðið.

33. Sveitarfélagið Hornafjörður – Jöklaleiðin: Gönguleið milli Skálafells og Göngubrúar yfir Hólmsá

Kr. 3.100.000 styrkur til undirbúnings og framkvæmda við stikun gönguleiða og uppsetningu upplýsingaskiltu fyrir gönguleið milli Kolgrímu og Hólmsár. Markmið styrkveitingar er að stuðla að öryggi ferðamanna og verndun viðkvæmra svæða með upplýsingagjöf og stýringu umferðar.

34. Sveitarfélagið Skagafjörður – Arnarstapi í Skagafirði: lagfæring, hönnun, stígagerð og merkingar

Kr. 3.700.000 styrkur til hönnunar og framkvæmda í kringum minnismerki um Stephan G. Stephansson. Markmið styrkveitingar er að hlúa að þessu helsta kennileiti Skagafjarðar, bæta öryggi ferðamanna og styrkja aðstöðu með bættu aðgengi.

35. Sveitarfélagið Vogar – Lambafellsgjá

Kr. 362.500 styrkur til hönnunar, skipulags og framkvæmda. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og draga jafnframt úr á lagi á viðkvæma náttúru.

36. Sveitarfélagið Ölfus – Reykjadalur 2014

Kr. 7.000.000 styrkur til að laga aðgengi að heitum læk, laga stíga og hættur við hveri ásamt því að koma fyrir snyrtingu og merkingum. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi ferðamanna, aðgengi þeirra að svæðinu og vernda þannig viðkvæma náttúru.

37. Umhverfisstofnun – Salernisaðstaða við Hverfjall (Hverfell) í Mývatnssveit

Kr. 13.250.000 styrkur til byggingar rúmlega 80 fermetra vatnssalernisaðstöðu við uppgönguna norðvestan á Hverfjalli (Hverfelli) í Mývatnssveit. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn og auka líkurnar á jákvæðri upplifun þeirra af svæðinu.

38. Umhverfisstofnun – Nýr stigi við Gullfoss

Kr. 10.065.000 styrkur til að reisa nýjan stiga á milli efra- og neðra svæðis við Gullfoss. Markmið styrkveitingar er að stuðla að öryggi ferðamanna og bæta aðgengi þeirra sem skoða fossinn.

39. Umhverfisstofnun – Útsýnispallur auk göngustíga beggja vegna hans við Gullfoss

Kr. 8.195.000 styrkur til endurgerða útsýnispalls og gerð göngustíga beggja vegna við hans. Markmið styrkveitingar er að stuðla að öryggi ferðamanna og bæta aðgengi þeirra sem skoða fossinn.

40. Umhverfisstofnun – Bætt aðgengi að Skútustaðagígum í Mývatnssveit

Kr. 3.750.000 styrkur til framkvæmda við útsýnispalla og stíga. Markmið styrkveitinga er að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að svæðinu og gera það aðgengilegra fyrir ferðamenn allan ársins hring.

41. Umhverfisstofnun – Skarðsvík: aðgengi fyrir alla að sandströnd

Kr. 1.000.000 styrkur til deiliskipulags. Markmið styrkveitingar er að styrkja aðgengi að ströndinni og búa þannig til nýjan segul fyrir svæðið.

42. Umhverfisstofnun – Hesteyri, stígar og ferðaleiðir

Kr. 1.152.000 styrkur til lagfæringar á gönguleiðum og vörðum ástam smíði göngupalla. Markmið styrkveitingar er að draga úr álagi á viðkvæma náttúru og styrkja svæðið til að taka á móti auknum fjölda ferðamanna.

43. Umhverfisstofnun – Þjóðleið á Hornströndum

Kr. 1.100.000 styrkur til lagfæringar á þjóðleið með endurhleðslu á vörðum. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi ferðamanna og koma í veg fyrir aukinn átroðning.

44. Vatnajökulsþjóðgarður – Uppbygging við Langasjó

Kr. 13.250.000 styrkur til að byggja upp áningaraðstöðu fyrir ferðamenn. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu fyrir aukinn fjölda ferðamanna og bæta þannig öryggi þeirra ásamt því að stuðla að aukinni upplýsingagjöf.

45. Vatnajökulsþjóðgarður – Kolgríma: göngubrú

Kr. 3.100.000 styrkur til að byggja göngubrú yfir jökulánna Kolgrímu. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi ferðamanna og stuðla að aukinni vetrarferðamennsku á svæðinu.

46. Vatnajökulsþjóðgarður – Viðbygging í Skaftafelli

Kr. 29.700.000 styrkur til viðbyggingar við núverandi aðstöðu fyrir ferðamenn. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu á frekari þjónustu ferðamanna á svæðinu og veita möguleika til þess að þjóna betur ferðamannastráumi allan ársins hring.

47. Vestmannaeyjabær – Blátindur: sýningarsvæði vélbátasögu Vestmannaeyja

Kr. 3.000.000 styrkur til framkvæmda við sýningarsvæðið í kringum Blátind; jarðvegsinnu grjóthleðslur og timburyfirborð. Markmið styrkveitingar er að byggja upp áhugaverðan stað og styrkja svæðið sem heilsársferðamannastað.

48. Vinir Þórsmerkur – Viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu

Kr. 2.600.000 til viðhalds og endurbóta á stígum og tröppum. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi, auka öryggi ferðamanna og vernda jafnframt viðkvæma náttúru með stýringu á umferð.

49. Þingeyjarsveit – Endurbætur á umhverfi Goðafoss

Kr. 15.000.000 styrkur til stígagerðar, merkingar og uppgræðslu. Markmið styrkveitingar er að vernda viðkvæma náttúru og bæta ásýnd staðarins og öryggi ferðamanna.

50. Æðarvarp ehf – Illugastaðir á Vatnsnesi

Kr. 665.000 styrkur til endurbóta á göngustíg, stækkun bílaplans og uppsetningar á salerni fyrir fatlaða. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu til að ráða við aukinn fjölda ferðamanna og tryggja gott aðgengi að náttúrlegu umhverfi til selaskoðunar.